

# *Greinargerð starfshóps um samstarf leik- og grunnskóla*



**Nemendur úr Klettaborg og Hamraskóla fara saman í Húsdýragarðinn**

**Menntasvið Reykjavíkurborgar**  
Maí 2006





# *Greinargerð starfshóps um samstarf leik- og grunnskóla*

## **Starfshópur um samstarf leik- og grunnskóla:**

Sigrún Elsa Smáradóttir, formaður  
Katrín Jakobsdóttir  
Svandís Svavarsdóttir  
Guðlaugur Þór Þórðarson  
Hildur Björg Hafstein  
Svanhildur Eva Stefánsdóttir  
Þorgerður L. Diðriksdóttir  
Anna Bára Pétursdóttir

Starfsmenn nefndarinnar:  
Hildur Skarphéðinsdóttir  
Guðrún Edda Bentsdóttir

Menntasvið Reykjavíkurborgar  
Maí 2006



## Helstu niðurstöður starfshópsins

1. *Að koma með tillögur að auknu samstarfi leik- og grunnskóla.*

Hópurinn styður að safnað verði saman yfirliti yfir samstarfsverkefni og önnur verkefni sem gætu nýst sem grunnur að samstarfi milli leik- og grunnskóla eins og gert er ráð fyrir í starfsáætlun Menntasviðs 2006.

Menntasvið Reykjavíkurborgar efni til málþings um samstarf leik- og grunnskóla þar sem kynnt verði hugmyndafræðin að baki því að sameina yfirstjórn leik- og grunnskólamála í borginni ásamt því að kynna hvernig til hefur tekist með samruna skólastíganna og ýmis konar verkefni sem unnin hafa verið á þessu sviði í borginni.

2. *Að koma á samráði fagfólks beggja skólastiga í hverfum borgarinnar, meðal annars í tengslum við þjónustumiðstöðvar, með það að markmiði að í hverju hverfi þróist öflugt samráð skólastofnana á báðum skólastigum og þjónusta notenda verði sem best í tengslum við aðrar borgarstofnanir líka.*

Hópurinn kannaði sérstaklega og tók saman yfirlit yfir hvernig staðið er að samstarfi milli leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Þar kom fram að starfsmenn þjónustumiðstöðva hafa leitast við að hafa að leiðarljósi samfellu í þjónustu við börn með sérþarfir í hverfunum og stuðlað að því að efla upplýsingastreymi milli skólastíganna. Mótaðir hafa verið ferlar til að skapa samfellu í skólagöngu barna með sérþarfir. Samráð fagaðila í leikskólum hefur víða verið tekið upp.

3. *Að fjalla um hvernig efla megi nám í tilteknum greinum, svo sem tungumálum, á yngri stigum skólans en nú er, og nota til þess aðferðir sem fýsilegar þykja á báðum skólastigum.*

Nú þegar hafa verið unnin ýmis konar verkefni sem nýta má sem dæmi um „fýsilegar aðferðir á báðum skólastigum” s.s. vísindaleikir í leikskólum, tungumálanám yngri barna, undirbúningur lestrarnáms með verkefninu „Leikur og ritmál” (sjá lið 4).

4. *Að fjalla um framboð á frekara námi í grunnskólum fyrir 5 ára börn, ef óskað er, eða flétta nánar saman námi á báðum skólastigum fyrr en nú er.*

Námstilboð fyrir 5 ára börn sem nú þegar eru í einkareknum grunnskólum í borginni virðast koma til móts við óskir foreldra um slík námstilboð.

Leik- og grunnskólar í sama skólahverfi geta komið sér saman um að skipta á milli sín ákveðnu námsefni s.s. *Markvissri málörvun*. Ýmis verkefni eru nú þegar í gangi þar sem fléttað er saman námi á báðum skólastigum.

Það er mat hópsins að það samræmist stefnu menntayfirvalda um einstaklingsmiðað nám að kanna möguleika á að börn geti hafið nám í grunnskóla fyrr en nú er, það er við fimm ára aldur, eða verið ári lengur í leikskóla.

5. *Áfram verði sérstök áhersla á að styrkja verkefni sem stuðla að samstarfi leik- og grunnskóla við úthlutun þróunarstyrkja menntaráðs.*

## Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður.....	5
1. Inngangur .....	7
2. Vinna starfshópsins - samantekt úr fundargerðum.....	8
2.1 Námstilboð fyrir 5 ára börn í grunnskólum.....	8
2.2 Opinn fundur menntaráðs Reykjavíkurborgar um skil leik- og grunnskóla.....	9
2.3 Starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2006.....	9
2.4 Hugmyndir skólastjór grunnskólanna um samstarf skólastiganna.....	9
2.5 Samstarf skólastiganna frá sjónarhóli leikskólastarfsmanna.....	10
2.6 Hlutverk þjónustumiðstöðva við að efla samstarf skólastiganna.....	10
2.7 Þróunarverkefni - samstarf skólastiganna.....	13
3. Niðurstöður starfshópsins.....	14
4. Heimildir.....	16
5. Fylgiskjöl.....	17

## 1. Inngangur

Á 1. fundi nýstofnaðs menntaráðs Reykjavíkur sem haldinn var 3. febrúar 2005 var samþykkt að stofna starfshóp sem héldi áfram vinnu hóps sem fjallaði um gjaldfrjálsan leikskóla fimm ára barna (sjá fylgiskjal 1). Hópurinn skyldi hafa að meginmarkmiði:

- Að koma með tillögur að auknu samstarfi leik- og grunnskóla.
- Að koma á samráði fagfólks beggja skólastiga í hverfum borgarinnar, meðal annars í tengslum við stofnun þjónustumiðstöðva, með það að markmiði að í hverju hverfi þróist öflugt samráð skólastofnana á báðum skólastigum og þjónusta notenda verði sem best í tengslum við aðrar borgarstofnanir líka.
- Að fjalla um hvernig efla megi nám í tilteknum greinum, svo sem tungumálum, á yngri stigum skólans en nú er, og nota til þess aðferðir sem fýsilegar þykja á báðum skólastigum.
- Að fjalla um framboð á frekara námi í grunnskólum fyrir 5 ára börn, ef óskað er, eða flétta nánar saman námi á báðum skólastigum fyrr en nú er.

Hópurinn var skipaður með erindisbréfi dags. 29. sept. 2005 (sjá fylgiskjal 2). Í starfshópnum voru:

Sigrún Elsa Smáradóttir úr menntaráði, formaður nefndarinnar,  
Katrín Jakobsdóttir úr menntaráði, en Svandís Svavarsdóttir tók við af Katrínu í desember 2005 þegar hún fór í barnsburðarleyfi,  
Guðlaugur Þór Þórðarson úr menntaráði,  
Hildur Björg Hafstein, áheyrnarfulltrúi SAMFOKS,  
Svanhildur Eva Stefánsdóttir, áheyrnarfulltrúi Samtaka foreldrafélaga leikskóla í Reykjavík,  
Þorgerður L. Diðriksdóttir, áheyrnarfulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur,  
Anna Bára Pétursdóttir, áheyrnarfulltrúi Félags leikskólakennara.

Starfsmenn hópsins voru Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu Menntasviðs Reykjavíkurborgar, og Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs, sem jafnframt var ritari hópsins.

Samkvæmt erindisbréfi skyldi starfstímabil vinnuhópsins vera frá september 2005 til mars 2006.

Hópurinn hélt samtals ellefu fundi á þessu tímabili. Hann kynnti sér helstu gögn um samstarf skólastiganna, lagði til drög að dagskrá opins fundar menntaráðs um samstarf leik- og grunnskóla og lagði fram tillögur og athugasemdir við fyrstu starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Á fundi starfshópsins komu fulltrúar frá kennurum og skólastjórum í leik- og grunnskólum til að kynna samstarf leik- og grunnskóla í borginni. Einnig komu á fund hópsins fulltrúar fjögurra þjónustumiðstöðva í borginni til að segja frá hvernig stuðlað hafi verið að samstarfi skólastiganna í upphafi starfs þjónustumiðstöðvanna og hvaða áform væru á þjónustumiðstöðvunum um að efla samstarf skólastiganna.

## 2. Vinna starfshópsins – samantekt úr fundargerðum

Fyrsti fundur hópsins var haldinn 5. október 2005. Þá var dreift ýmsum gögnum um samstarf leik- og grunnskóla sem búið var að taka saman fyrir starfshópinn:

- Erindisbréf hópsins.
- Samþykkt menntaráðs um starfshópinn.
- Úr aðalnámskrám leik- og grunnskóla um samstarf skólastiganna.
- *Elstu börnin í leikskólanum* - hluti af skýrslu Leikskóla Reykjavíkur frá 2001.
- 5. hluti af greinargerð starfshóps um aukna samþættingu leik- og grunnskóla, frá júní 2004.
- Minnisblöð um opinn fund menntaráðs um skil leik- og grunnskóla.
- Greinar eftir Jóhönnu Einarsdóttur.
- Niðurstöður nefndar um matsaðferðir og leiðbeinandi vinnureglur um skil leik- og grunnskóla.
- Brot úr skýrslu menntamálaráðuneytis um breytta námskipan til stúdentsprófs og aukna samfellu í skólastarfi - samþykkt um vinnuhóp sem fari yfir aðalnámskrá leikskóla og fyrstu námsára í grunnskóla með það að markmiði að tengja betur nám og kennslu á þessum skólastigum.

Að auki var óskað eftir niðurstöðum úr könnun meðal skólastjóra í grunnskólum Reykjavíkur um námstilboð fyrir 5 ára börn.

### 2.1 Námstilboð fyrir 5 ára börn í grunnskólum

Á fundum starfshópsins var rætt um skil leik- og grunnskóla í ýmsum myndum s.s. 5 ára deildir í einkareknum grunnskólum og tilraunir nokkurra sveitarfélaga með að hýsa leikskóladeildir innan grunnskólabygginga. Einnig var rætt um möguleika á að börn hefji nám í grunnskóla fyrr en nú er eða geti verið lengur á leikskólum ef það er talið samræmast þörfum þeirra betur. Ákveðið var að kanna hvernig þróun á eftirspurn eftir þessari þjónustu við 5 ára börn hefur breyst sl. 10 ár með því að senda bréf til þeirra einkareknu grunnskóla í borginni sem eru með 5 ára börn til að fá tölur um aðsókn í 5 ára deildirnar, hvort aðsóknin hefði breyst sl. 10 ár og hvort stjórnendur þessara skóla telja að aukið framboð á sams konar þjónustu í borgarreknu skólunum hafi hugsanlega áhrif á rekstrargrundvöll 5 ára deildanna í einkareknu grunnskólunum (sjá fylgiskjal 3).

Svör bárust frá tveimur skólum við þessu bréfi. Í svari skólastjóra Ísaksskóla kom fram að sl. 10 ár hafi um 80 – 105 börn verið í 5 ára bekkjum skólans en hún taldi að ekki yrðu verulegar breytingar á starfi þessara deilda þó svo að aðrir skólar í borginni færu að bjóða upp á starf með 5 ára börnum. Fulltrúi Landakotsskóla sem svaraði bréfinu sagði að aðsókn að 5 ára deild skólans hefði verið góð en þó farið minnkandi sl. 2 ár. Hún taldi að aðsókn myndi minnka í 5 ára deildir einkareknu skólanna ef fleiri grunnskólar í Reykjavíkur færu að bjóða upp á nám fyrir 5 ára börn.

Fimm ára börnum í grunnskólum borgarinnar hefur lítillega fjölgað síðustu fimm árin eða úr 95 skólaárið 2001-2002 og í 117 á yfirstandandi skólaári. Í starfsáætlun Leikskóla Reykjavíkur (2005) kemur fram að hlutfall barna sem eru ánægð á leikskólum er mjög hátt eða 98% og hlutfall barna sem líður vel að mati foreldra 99%. Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með uppeldis- og menntastefnu leikskólans og telja leikskólann koma til móts við þarfir barnsins síns. Þessar niðurstöður ásamt skoðunum skólastjóra þeirra einkareknu skóla sem bjóða upp á nám fyrir 5 ára börn virðist benda til þess að ekki sé þörf á að auka námstilboð fyrir 5 ára börn í grunnskólum borgarinnar.

## 2.2 Opinn fundur menntaráðs Reykjavíkurborgar um skil leik- og grunnskóla

Á öðrum fundi starfshópsins var fjallað um opinn fund menntaráðs um skil leik- og grunnskóla. Hópurinn varð sammála um að leggja eftirfarandi tillögu fyrir menntaráð:

A. Opinn fundur menntaráðs fjalli um samfellu milli skólastiganna.

B. Í því skyni verði t.d. boðið upp á eftirfarandi erindi:

- *Skil leik- og grunnskóla* – fræðilegur fyrirlestur.
- Fá dæmi um spennandi verkefni á báðum skólastigum t.d. *Vísindin efla alla dád* – eðils- og náttúrufræði í leik- og grunnskóla.
- *Upplýsingamiðlun milli leik- og grunnskóla* – hvernig nýtast upplýsingar úr leikskóla í grunnskólanum.

Fundurinn var haldinn 26. janúar 2006 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkurborgar og var vel sóttur. Dagskrá fundarins fylgir með í fylgiskjali 4.

## 2.3 Starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2006

Á þriðja fundi starfshópsins voru tekin fyrir drög að starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2006. Farið var yfir drögin og rætt um þau atriði sem snertu verksvið hópsins þ.e. samstarf leik- og grunnskóla. Rætt var um forsendur þess að samræma skimanir á börnum í leikskólum og lagt til að áttak í lestrarkennslu næði til málþroska og læsis. Einnig var lagt til að jafningjafræðsla og upplýsingaflæði milli skóla næðu til beggja skólastiganna. Enn fremur var rætt um miðlun upplýsinga um einstaklinga milli skólastiga og lagt til að tekið væri mið af tillögum starfshóps frá 2005 um að gera könnun meðal leik- og grunnskólakennara um hvaða aðferðir við mat og upplýsingamiðlun eru notaðar í dag við skil skólastiganna. Athugasemdir hópsins voru teknar saman og þeim komið á framfæri við ritstjóra starfsáætlunarinnar sem tóku tillit til þeirra við endanlega gerð hennar.

## 2.4 Hugmyndir skólastjóra grunnskólanna um samstarf skólastiganna

Hópurinn ræddi um möguleika og þörf á að bjóða upp á námstilboð fyrir 5 ára börn í grunnskólum. Ákveðið var að boða á fund hópsins þá skólastjóra sem í könnun er gerð var höfðu lýst sig tilbúna til að bjóða upp á nám fyrir 5 ára börn og jafnvel boða leikskólastjóra í sama hverfi á sama fund þegar við átti.

Skólastjóri Víkurskóla, Árný Inga Pálsdóttir, mætti á 5. fund starfshópsins og kynnti drög að hugmyndum um kennslu fyrir 5 ára börn. Meginhugmyndir hennar eru að gera lestrakennslu markvissari með því að leggja aukna áherslu á málörvun og bæta þannig lesskilning, að foreldrar ákveði hvenær barninu henti að byrja í grunnskóla og með því að taka börnin inn í grunnskólann á misjöfnum tíma yfir skólaárið yrði hægt að miða að einstaklingsmiðaðri skólabyrjun sem yti undir einstaklingsmiðað námsumhverfi á yngsta stigi.

Árdís Ívarsdóttir, aðstoðarskólastjóri Borgarskóla, og Bryndís Markúsdóttir, leikskólastjóri Hulduheima, kynntu og sögðu frá þróun samstarfs leik- og grunnskólans sl. 6 ár. Börnin í leikskólanum koma reglulega í íþróttasal grunnskólans og í ýmsar kennslustundir s.s. smíði og myndlist. Elstu börnin í leikskólanum nýta frístundaheimilið fyrir hádegi. Ákveðið námsefni sem notað hefur verið hingað til í grunnskólanum er nú nýtt fyrir elstu börnin í leikskólanum. Leikskólastjórinn telur að 5 ára börnin eigi að vera áfram í leikskólanum, en samfella verður

að vera milli skólastiganna. Þær lýstu yfir mikilli ánægju með samstarfið og hafa áhuga á því að vinna saman þróunarverkefni varðandi skil leik- og grunnskóla.

Þorsteinn Hjartarson og Kristín Jóhannesdóttir, skólastjórnendur í Fellaskóla, komu á 6. fund starfshópsins. Þorsteinn sagði að vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar barna af erlendum uppruna þurfi að brjóta niður múrana milli skólastiganna. Hann sagði að nú þegar væri þegar komið á samstarf milli Fellaskóla og leikskólanna fjögurra í skólahverfi hans sem fælist m.a. í sameiginlegri hátíð á degi íslenskrar tungu, faglegu samstarfi milli leik- og grunnskólakennara og að nemendur skólans hefðu heimsótt leikskólana og lesið fyrir börn þar.

Hann greindi jafnframt frá því að 23. nóvember sl. hefði verið haldinn sameiginlegur fundur um málefni barna af erlendum uppruna sem verða um 50% þess hóps sem byrjar í skólanum næsta haust ef miðað er við þau börn sem nú eru búsett í hverfinu og eru á leikskólum þar. Reynslan sýndi að þessi börn væru misvel stödd í íslensku þegar þau koma í grunnskólann og oft er málumhverfi þeirra rýrt heima fyrir. Hugmynd grunnskólastjórnendanna er í því fólgin að auka flæði milli 5 ára barna á leikskólunum og 6 ára barnanna í grunnskólanum varðandi málörvun, frjálsan leik, útiverkefni o.fl.

Ellert B. Þorvaldsson, skólastjóri í Ártúnsskóla, mætti einnig á 6. fundinn og kynnti hugmynd um samfellu í skólastarfi í Ártúnsholtinu. Hugmynd Ellerts gengur út á samfelldan skóla í Ártúnsholti frá 18 mánaða til 12 ára þar sem gerð væri sameiginleg skólanámskrá fyrir allan aldurshópin með áherslu á samfellu í námi og starfi. Vegna smæðar leikskólans og grunnskólans í hverfinu sé margt sem mælir með því að þessar stofnanir vinni saman. Nú þegar er samstarf milli skólanna um gagnkvæmar heimsóknir 5 og 6 ára barna og skólahópur á leikskólanum nýtir sér íþróttahús skólans, kemur í sögustund á bókasafn, þeim er boðið í samsöng á föstudögum og upplýsingamiðlun er um einstaklinga sem eru að fara á milli skólastiganna.

## **2.5 Samstarf skólastiganna frá sjónarhóli leikskólastarfsmanna**

Samþykkt var að fá að heyra frá leikskólafólki um þess hlið af samstarfi milli skólastiganna og námstilboðum fyrir 5 ára börnin. Ákveðið var að leita til aðila sem hafa unnið að þróunarstarfi á þessum sviðum á undanförunum árum.

Sigrún Birgisdóttir, leikskólakennari á leikskólanum Leikgarði, sagði frá starfi með 5 ára börnum í leikskólanum á 7. fundi starfshópsins. Hún greindi frá því að megináherslan í starfi með elsta aldurshópnum á leikskólanum Leikgarði hefði verið á ritmálsörvun eða leik og ritmál til að koma til móts við börnin þar sem þau eru stödd. Starfið í Leikgarði er byggt á þróunarverkefni sem unnið var í leikskólanum Laugaborg um árabíl. Byggt hefði verið á kenningum um leikinn sem þroskaleið barnsins ásamt því hvernig læsi þróast hjá ungum börnum. Vísaði hún í rannsóknir sem bentu til þess að læsi byrjaði að þróast hjá börnum án beinnar kennslu heldur væri hluti af þroskaferli þeirra þar sem þau lærðu um tengsl milli tákna og hluta. Í því skyni hefði starfsfólkið endurskoðað allt umhverfi leikskólans og t.a.m. merkt allt sem hefði tilgang að merkja s.s. myndir barnanna. Einnig hefði verið notað ýmis konar ritmálshvetjandi efni í leik s.s. ónýt eyðublöð o.fl. Sigrún sagði verkefnið hefði lifað áfram og breiðst út til annarra leikskóla en ekki lognast út af eins og oft verði um þróunarverkefni. Hún afhenti sýnishorn af dagskipulagi 5 ára barnanna og sýndi ýmis konar sýnishorn af vinnu nemenda. Sigrún greindi jafnframt frá því að skólinn hefði verið í samstarfi við Melaskóla sem er grunnskóli í nágrenni við Leikgarð.

Ólöf Helga Pálmadóttir, leikskólastjóri í Hálsaborg, sagði frá samstarfi leik- og grunnskóla í Seljahverfi. Samstarfið hófst um 1987 milli tveggja leikskóla og eins grunnskóla í hverfinu.

Síðan komu hinir leikskólarnir í hverfinu inn í samstarfið ásamt einum grunnskóla. Eftir næstum áratug var sótt um styrk til að þróa starfið áfram. Fram kom að grunnskólakennurum fannst þá vanta upplýsingar um börnin frá leikskólunum og því varð matsheftið *Gengið yfir brúna* til. Það er upplýsingahefti sem fylgir börnunum úr leikskólunum í grunnskólann. Litið er á heftið sem hjálpartæki fyrir grunnskólakennarana en leikskólakennarar annast matið sem er unnið í nánu samráði við foreldra. Í heftið eru skráðir ýmsir getu- og færniþættir ásamt öðrum upplýsingum um stöðu barnsins s.s. niðurstöður úr HLJÓM2. Heftið hefur verið endurskoðað á hverju ári. Ólöf Helga dreifði einnig *Markmiðum og starfsáætlun leik- og grunnskóla Seljahverfis skólaárið 2005 – 2006* þar sem lýst er samstarfi milli skólastiganna í Seljahverfi. Auk þess að lýsa skipulaginu eru tilgreindir ábyrgðaraðilar fyrir hvern þátt sem reynst hefur mjög gagnlegt. Ólöf Helga taldi að umræða um fagmál s.s. sameiginlegan hugtakaskilning hefði verið mjög gefandi í samstarfinu auk þess að kynnast starfsvettvangi hvors annars sem stuðlaði að aukinni samfellu í skólastarfinu.

Báðir leikskólastarfsmennirnir voru sammála um að eftir að fleiri leikskólar tóku upp sérstök verkefni fyrir elstu börnin hefðu mun færri 5 ára börn hætt á leikskólunum vegna leiða og töldu að þau nyttu sín betur á leikskólanum og fengju frekar verkefni við hæfi. Einnig var rætt um mikilvægi þess að hafa gott samstarf við foreldra þegar börnin fara úr leikskóla og í grunnskóla.

## 2.6 Hlutverk þjónustumiðstöðva við að efla samstarf skólastiganna

Hópurinn ákvað að senda fyrirspurn til framkvæmdastjóra nýstofnaðra þjónustumiðstöðva í borginni til að kanna hvernig stuðlað verði að samstarfi leik- og grunnskóla í hverfinu samkvæmt starfsáætlun 2006 (sjá fskj. 5). Fulltrúar fjögurra þjónustumiðstöðva mættu á fund hópsins og kynntu það helsta sem þjónustumiðstöðvarnar hefðu verið að gera á þessu sviði.

Óskar Dýrmundur Ólafsson, framkvæmdastjóri í Vesturgarði, greindi frá því að áhersla hefði verið frá upphafi lögð á samstarf skólastiganna í þjónustumiðstöðinni. Það félli undir þekkingarverkefni þjónustumiðstöðvarinnar sem bæri yfirskriftina *Börn og samfélag*. Lögð hefur verið áhersla á að samþætta betur samstarf leik- og grunnskóla í þverfaglegu samstarfi innan sem utan þjónustumiðstöðvarinnar. Fyrirhugað var námskeið með starfsfólki skóla og frístundaheimila í Vesturbænum. Markmiðið með námskeiðinu var að bæta samskipti og samvinnu milli þeirra aðila sem vinna með yngstu börnunum í grunnskólanum og var gert ráð fyrir að þetta námskeið verði fyrirmynd að sams konar námskeiðum í öðrum þjónustuhverfum. Í undirbúningi er umferðaröryggisverkefni fyrir 5 og 6 ára börn í tilefni þess að þjónustumiðstöðin hefur hjá sér *Samgöngublómið* þetta árið. Í hverfinu var haldið foreldraþing með þátttöku foreldrafélaga í leik- og grunnskólum.

Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri skólaþjónustunnar í þjónustumiðstöð Breiðholts, mætti á fund hópsins til að segja frá fyrirkomulagi og hugmyndum um áframhaldandi samstarf leik- og grunnskóla í Breiðholti. Á þjónustumiðstöð Breiðholts eru haldnir vikulegir skólateymisfundir beggja skólastiga þar sem fagaðilar og sérfræðingar fara yfir einstaklingsmál sem snerta bæði skólastigin. Við skipulag skólaþjónustunnar var Breiðholtinu skipt í þjónustukjarna í kring um þá fimm grunnskóla sem eru í hverfinu. Hver kjarni er samsettur úr einum grunnskóla og þeim leikskólum sem eru á sama svæði. Hópur fjögurra tengiliða (sálfræðingur, félagsráðgjafi, kennsluráðgjafi og sérkennsluráðgjafi) sinna þjónustu við hvern kjarna og hafa þar með yfirsýn yfir málin á báðum skólastigum.

Sem dæmi um samstarf milli skólastiganna má nefna vinnuhóp sem hefur það hlutverk að auðvelda tilfærslu fatlaðra nemenda úr leikskólum í grunnskóla. Í vinnuhópnum sitja sálfræðingar, sérkennsluráðgjafar, deildarstjórar sérkennslu í leik- og grunnskólum og

skólustjórur í leik- og grunnskólum. Gert er ráð fyrir að sami hópur sérfræðinga fylgi eftir málum einstakra barna í framtíðinni til að skapa samfelli í skólagöngu þessara nemenda og auðvelda upplýsingamiðlun á milli skólastiganna. Stofnuð hafa verið samráð fagaðila í nokkrum leikskólum í hverfinu. Hann taldi að leikskólaráðgjafar og leikskólustjórur telji að slíkt samráð virki vel þar sem það hefur verið tekið upp og lofi góðu um framhaldið.

Helgi H. Viborg, deildarstjóri í Miðgarði, sagði frá samstarfi leik- og grunnskóla í Grafarvogi. Sagði hann að víða væri samstarf á milli leik- og grunnskóla í hverfinu mjög gott og benti á að Hamraskóli hefði verið móðurskóli í samstarfi leik- og grunnskóla. Hefðu Hamraskóli og leikskólinn Klettaborg í sameiningu mótað ákveðið líkan að samstarfi sem margir aðrir skólar í hverfinu hefðu tekið upp. Í Grafarvogi eru fyrirhugaðir sameiginlegir fundir leikskólustjóra, deildarstjóra á elstu deildum leikskólabarna og deildarstjóra yngsta stigs/umsjónarkennara 1. bekkja til að vinna að því að efla samstarfið m.a. með því að meta það sem gert hefur verið, brydda upp á ýmsum nýjungum og miðla upplýsingum.

Meðal samstarfsverkefna í vinnslu er samstarf leikskólans Bakka og Korpuskóla við náttúruskólann og samstarf Hamraskóla, Víkurskóla og aðliggjandi leikskóla um að taka upp PBS-kerfið (Positive Behavior Support) í aga- og bekkjarstjórnun. Einnig hefði verið unnið að því að auka upplýsingastreymi á milli skólastiganna vegna barna með sérþarfir sem fara á milli skóla, skýra verkferla varðandi þessi mál og einfalda boðleiðir.

Fram kom að sérfræðipjónustan í Grafarvogi er skipulögð þannig að lítið væri á hverfið sem tvo hluta og að sömu sérfræðingar frá skólaþjónustunni þjóni leikskólum og grunnskólum í sama hverfishluta. Þannig væri tryggð ákveðin samfella í þjónustu við börnin í hverfinu. Enn fremur var sagt frá samráði skólustjórnenda og sérfræðinga í leikskólum sem gefið hefði góða raun.

Fríða B. Jónsdóttir, leikskólaráðgjafi, sagði frá samstarfi skólastiganna í hverfi þjónustumiðstöðvarinnar í Laugardal/Háaleiti. Hún og Bergþóra Gísladóttir, kennsluráðgjafi, hafa mikið samstarf sín á milli um ýmis mál er varðar bæði skólastigin.

Allir grunnskólarnir í þjónustuhverfinu eru í samstarfi við viðkomandi leikskóla utan einn grunnskóli en þar er formlegt samstarf í undirbúningi. Á þjónustumiðstöð Laugardals/Háaleitis starfa leikskóla- og grunnskólateymi þar sem tekin eru fyrir einstaklingsmál og málefni skólanna í hverfinu. Fundartími þessara teyma skarast um hálf tíma á viku og þá funda teymin saman um sameiginleg málefni leik- og grunnskólanna í hverfinu. Á þeim fundum hefur verið rætt um það samstarf sem þegar er til staðar í hverfinu og hvernig þjónustumiðstöðin geti stutt við samstarf á milli skólastiganna.

Þjónustumiðstöð Laugardals/Háaleitis er þekkingarmiðstöð vegna barna með alvarlegar sérþarfir og fatlanir en í vinnslu er ferill um skil á milli skólastiganna vegna þessara barna. Í undirbúningi er fundur með skólustjórum leik- og grunnskóla og þeim kennurum sem helst koma að samstarfi milli skólastiganna þar sem rætt verður um mikilvægi samstarfs og kynnt samstarfsverkefni sem hafa gefið góða raun. Starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar hafa einnig velt fyrir sér hvaða samstarfsleiðir séu æskilegar til að kennarar á hvoru skólastigi öðlist þekkingu á vinnuáferðum og hugmyndafræði hvors annars.

Hópnum barst samantekt frá Evu Gunnarsdóttur, Friðbjörgu Ingimarsdóttur, Kolfinnu B. Bustos og Þórhöllu Guðmundsdóttur, starfsmönnum sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla í þjónustumiðstöð Miðborgar/ Hlíða um samstarf leik- og grunnskóla í þjónustuhverfinu. Þar kemur fram að starfsmenn sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla eru í einu samráðsteymi og koma með einhverjum hætti að þjónustu við bæði skólastigin, einkum vegna einstaklingsmála. Sálfræðingar þjónustumiðstöðvarinnar vinna að greiningum á báðum skólastigum og sitja samráðsfundi og nemendaverndarráðsfundi beggja skólastiga ásamt ráðgjöfum leikskóla og grunnskóla auk deildastjóra skólaþjónustuteymis. Kennslu- og leiksskólaráðgjafar sinna einnig báðum skólastigum og þá eftir ákveðnum málaflokkum og

sérþekkingu. Fyrirhugað er að leikskólaráðgjafi taki saman upplýsingar um hvernig samstarfi leik- og grunnskóla hefur verið hátað í hverfinu. Settur hefur verið á fót starfshópur sérkennslaráðgjafa og deildarstjóra eldri deilda leikskóla og yngsta stigs grunnskóla á Skólavörðuholtinu, sem ætlar að þróa hugmyndafræði og verkáætlun um bætt samstarf milli skólastiga. Ætlunin er að koma síðar á svipuðu fyrirkomulagi í kringum Háteigsskóla og Hlíðaskóla og leikskólanna í hverfinu. Þjónustumiðstöðin studdi við umsókn þriggja leikskóla í þróunarsjóð leiksskóla um verkefni til þriggja ára. Það heitir *Fjölbreytni auðgar – brú á milli menningarheima*. Lögð verður áhersla á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, fjölmenningsleg vinnubrögð og fordómafræðslu. Haft verður samráð við leikskóla í Breiðholti og verkefnin tvö þróuð að einhverju leyti samhliða. Fyrirhugað er að kynna skýrsluna „Samstarf leik- og grunnskóla, um mat og upplýsingamiðlun milli skólastiga” fyrir skólastjórum beggja skólastiga. Í framhaldi verði reynt að móta ákveðið vinnulag og ferli við skil barna úr leikskóla í grunnskóla sem fæli í sér nokkurs konar mat og/eða upplýsingar um grunnþekkingu og þroskastöðu barnssins. Stefnt er að því að auka samstarf á milli stjórnenda skólastigana með því að standa fyrir reglulegum samráðs- og fræðslufundum.

Í starfsáætlun Menntasviðs 2006 er ákvæði um að allir leikskólar taki upp samráð um málefni einstakra barna í samvinnu við þjónustumiðstöðvar. Í máli fulltrúa þjónustumiðstöðvanna kom fram að samráð fagaðila s.s. sálfræðinga, leikskólaráðgjafa og skólastjórnenda hefur víðast verið tekið upp og gefið góða raun. Einnig kom fram að þjónusta í hverfum er oftast skipulögð þannig að sömu sérfræðingar sinna einstaklingsmálum frá leik- og grunnskólum á sama skólasvæði til að samræma þjónustu við börnin og skapa samfellu í þjónustunni. Í Breiðholti, Laugardal/ Háaleiti og Grafarvogi hafa verið stofnuð teymi til að móta vinnuferla um að skapa samfellu í skólagöngu barna með sérþarfir og miðlun upplýsinga um þessi börn á milli skólastiganna. Starfsmenn Miðgarðs og þjónustumiðstöðvanna í Laugardal/Háaleiti og Miðborg/Hlíðum hafa undirbúið sameiginlega fundi með starfsmönnum leik- og grunnskóla til að auka upplýsingastreymi á milli skólastiganna og efla samstarf milli einstakra stofnana í hverfinu.

Í heild má því segja að starfsmenn þjónustumiðstöðvanna hafi unnið ótulllega að því að efla það samstarf sem þegar var komið á milli skólastiganna í hverfunum og að þeir hafi haft samfellu í skólastarfi að leiðarljósi við að skipuleggja þjónustu við börn með sérþarfir í hverfunum og fjölskyldur þeirra.

## 2.7 Þróunarverkefni – samstarf skólastiganna

Starfshópurinn ræddi einnig um að hvetja til þróunarverkefna til að auka samstarf skólastiganna til að mæta sem best þörfum barnanna í borginni. Í því sambandi yrði litið til tillagna starfshóps frá 2005. Við úthlutun þróunarstyrkja menntaráðs var m.a. lögð áhersla á verkefni sem miðuðu að því að efla samstarf leik- og grunnskóla. Veittur var styrkur til þriggja verkefna sem höfðu það að meginmarkmiði að brúa bilið milli skólastiganna eða stuðla að auknu samstarfi leik- og grunnskóla í sama skólahverfi.

Einnig var rætt um hvernig megi efla nám í ákveðnum greinum á yngri stigum grunnskólans og nota aðferðir sem fýsilegar þykja á báðum skólastigum eins og kveðið er á um í erindisbréfi starfshópsins. Á opnum fundi menntaráðs 26. janúar kynntu leikskólakennarar í leikskólanum Hamraborg vísindaleiki í leikskólum undir fyrirsögninni *vísindin efla alla dáð*. Markmið vísindaleikja er að börnin læri náttúruvísindi jafnframt því sem slíkir leikir stuðla að almennum þroska. Börnin skoða fyrirbæri í umhverfi sínu frá nýjum sjónarhóli og þroska skilning sinn á náttúrunni. Í erindi leikskólakennaranna kom fram að auðvelt er að vekja áhuga barna á ýmis konar leikjum sem hafa það að markmiði að auka skilning þeirra á ýmsum eðlisfræðilegum fyrirbærum sem að öllu jöfnu er ekki fjallað um fyrr en í grunnskóla.

### 3. Niðurstöður starfshópsins

1. *Að koma með tillögur að auknu samstarfi leik- og grunnskóla.*

Hópurinn var sammála um að þegar sé búið að sá mörgum fræjum að góðu samstarfi milli leik- og grunnskóla og telur því mikilvægt að safna saman yfirliti yfir öll slík samstarfsverkefni og önnur verkefni sem gætu nýst sem grunnur að samstarfi milli skólastiganna eins og gert er ráð fyrir í starfsáætlun Menntasviðs 2006. Tilgreindur verði tengiliður fyrir hvert verkefni og þannig verði til hugmyndabanki sem nýtist öðrum leik- og grunnskólum til að þróa áfram sitt samstarf. Hugmyndabankinn verði kynntur starfsfólki skólanna og birtur á heimasíðu Menntasviðs. Einnig verði tekið mið af tillögum starfshóps frá 2005 um mat og upplýsingamiðlun milli skólastiganna.

Efnt verði til málþings um samstarf leik- og grunnskóla þar sem Menntasvið Reykjavíkurborgar kynni hugmyndafræðina að baki því að sameina yfirstjórn leik- og grunnskólamála í borginni ásamt því að kynna hvernig til hefur tekist með samruna skólastiganna og ýmis konar verkefni sem unnin hafa verið á þessu sviði í borginni. Markmið málþingsins væri þríþætt; að taka frumkvæði í skólapólitískri umræðu, að efla samfélagslega umræðu um samstarf leik- og grunnskóla og kynna það sem vel er gert í leik- og grunnskólum borgarinnar. Til málþingsins væri boðið fulltrúum menntamálaráðuneytis og skólafólki í nágrannasveitarfélögum ásamt starfsfólki leik- og grunnskólamála í borginni.

2. *Að koma á samráði fagfólks beggja skólastiga í hverfum borgarinnar, meðal annars í tengslum við þjónustumiðstöðvar, með það að markmiði að í hverju hverfi þróist öflugt samráð skólastofnana á báðum skólastigum og þjónusta notenda verði sem best í tengslum við aðrar borgarstofnanir líka.*

Hópurinn kannaði sérstaklega og tók saman yfirlit yfir hvernig staðið er að samstarfi milli leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvunum. Þar kom fram að starfsmenn þjónustumiðstöðva hafa leitast við að hafa samfellu í þjónustu við börn með sérþarfir í hverfunum að leiðarljósi við að skipuleggja skólaþjónustuna og lagt sig fram um að efla upplýsingastreymi milli skólastiganna. Mótaðir hafa verið ferlar til að skapa samfellu í skólagöngu barna með sérþarfir. Samráð fagaðila í leikskólum hefur víða verið tekið upp.

3. *Að fjalla um hvernig efla megi nám í tilteknum greinum, svo sem tungumálum, á yngri stigum skólans en nú er, og nota til þess aðferðir sem fýsilegar þykja á báðum skólastigum.*

Nú þegar hafa verið unnin ýmis konar verkefni sem nýta má sem dæmi um „fýsilegar aðferðir á báðum skólastigum” s.s. vísindaleikir í leikskólum, tungumálanám yngri barna, undirbúningur lestrarnáms með verkefninu „Leikur og ritmál” (sjá lið 4).

4. *Að fjalla um framboð á frekara námi en nú er fyrir 5 ára börn, ef óskað er, í grunnskólum eða flétta nánar saman námi á báðum skólastigum fyrr en nú er.*

Samkvæmt þeim upplýsingum sem hópurinn hefur aflað sér virðast þau námstilboð fyrir 5 ára börn sem nú eru í einkareknum grunnskólum í borginni koma til móts við óskir foreldra um slík námstilboð. Að mati þessara skóla er ekki þörf á auknu framboði fyrir þennan aldurshóp enda telja 98% foreldra leikskólabarna að þörfum þeirra sé mætt í leikskólanum.

Margir möguleikar eru á að flétta nánar saman námi á báðum skólastigum fyrir en nú er. Margir leik- og grunnskólar í sama skólahverfi hafa komið sér saman um að skipta á milli sín málörvunarefninu *Markviss málörvun* til að búa nemendur undir lestrarnám. Hópurinn kynnti sér verkefnið *Leikur og ritmál* á leikskólanum Leikgarði sem miðar að því að styðja undirstöður lestrarnáms í gegnum ýmis konar leik og starf. Á opnum fundi menntaráðs Reykjavíkurborgar í Ráðhúsinu 26. janúar sl. var kynning á verkefninu *Vísindaleikir* í leikskólanum Hamraborg sem nefna má sem dæmi um hvernig flétta má saman námi á báðum skólastigum fyrir en nú er. Yfirlit yfir núverandi samstarfsverkefni og önnur verkefni sem stuðlað geta að samstarfi á milli skólastiganna skv. 1. lið getur einnig stuðlað að því að flétta nánar saman námi á báðum skólastigum.

Það er mat hópsins að það samræmist stefnu menntayfirvalda um einstaklingsmiðað nám að kanna möguleika á að börn geti hafið nám í grunnskóla fyrir en nú er, það er við fimm ára aldur, eða verið ári lengur í leikskóla ef á þann hátt er best komið til móts við þarfir viðkomandi barns. Ætíð sé mikilvægt að hafa að leiðarljósi gott og öflugt samstarf við foreldra þegar börnin flytjast úr leikskóla í grunnskóla.

5. *Áfram verði sérstök áhersla á að styrkja verkefni sem stuðla að samstarfi leik- og grunnskóla við úthlutun þróunarstyrkja menntaráðs.*

## 4. Heimildir

*Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá leikskóla* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Jóhanna Einarsdóttir (2002). Fleygjum við barninu með baðvatninu? *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Tekið af vefnum 29. september 2005.

Jóhanna Einarsdóttir (2003). Þegar bjallan hringir þá eigum við að fara inn: Viðhorf leikskólabarna til leik- og grunnskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Tekið af vefnum 8. júní 2005.

Jóhanna Einarsdóttir (2004). Frá leikskóla til grunnskóla. *Tímarit um menntarannsóknir*; 1: bls. 209-227.

Jóhanna Einarsdóttir (2005). *Nýjar áherslur í leikskólastarfi – Kalla þær á breytingar á leikskólakennaramenntuninni?* Grein kynnt á málþingi Kennaraháskóla Íslands 12. ágúst 2005.

Leikskólar Reykjavíkur (2001). *Elstu börnin í leikskólanum. Tengsl leikskóla og grunnskóla. Skýrsla starfshóps um starfið með elstu börnunum í leikskólum Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Leikskólar Reykjavíkur.

Leikskólar Reykjavíkur (2004). *Greinargerð starfshóps um aukna samþættingu leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Leikskólar Reykjavíkur.

Leikskólar Reykjavíkur (2005a) *Starfsáætlun 2005*. Reykjavík: Leikskólar Reykjavíkur.

Leikskólar Reykjavíkur (2005b). *Samstarf leik- og grunnskóla. Um mat og upplýsingamiðlun milli skólastiganna*. Reykjavík: Leikskólar Reykjavíkur.

Menntamálaráðuneytið (2004). *Breytt námsskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í skólastarfi. Skýrsla starfshópa og verkefnisstjórnar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntasvið Reykjavíkurborgar (2006). *Stefna og starfsáætlun Menntasvið Reykjavíkurborgar 2006*.

Rannveig A. Jóhannsdóttir (2002). *Sameiginleg sýn tveggja skólastiga: þróunarstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi í Reykjavík*.

## **5. Fylgiskjöl**

1. Úr fundargerð 1. fundar menntaráðs Reykjavíkurborgar dags. 3. febrúar 2005.
2. Erindisbréf starfshópsins.
3. Bréf til skólastjóra einkarekinna grunnskóla sem hafa 5 ára deildir innan sinna vébanda.
4. Dagskrá opins fundar menntaráðs Reykjavíkurborgar um skil leik- og grunnskóla.
5. Bréf til framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva dags. 4. janúar 2006.

**Úr fundargerð 1. fundar menntaráðs Reykjavíkurborgar haldinn 3. febrúar 2005.**

2. liður:

Lögð fram eftirfarandi tillaga formanns menntaráðs:

Stofnaður verði starfshópur sem haldi áfram vinnu hóps sem fjallaði um gjaldfrjálsan leikskóla fimm ára barna og hafi hann að meginmarkmiði:

Að koma með tillögur að aukið samstarf leik og grunnskóla.

Að koma á samráði fagfólks beggja skólastiga í hverfum borgarinnar, meðal annars í tengslum við stofnun þjónustumiðstöðva, með það að markmiði að í hverju hverfi þróist öflugt samráð skólastofnana á báðum stigum og þjónusta notenda verði sem best í tengslum við aðrar borgarstofnanir líka.

Að fjalla um hvernig efla megi nám í tilteknum greinum, svo sem tungumálum, á yngri stigum skólans en nú er, og nota til þess aðferðir sem fýsilegar þykja á báðum skólastigum.

Að fjalla um framboð á frekara námi en nú er fyrir 5 ára börn ef óskað er í grunnskólum, eða flétta nánar saman námi á báðum skólastigum fyrr en nú er.

Starfshópurinn verði skipaður fagfólki úr leikskóla og grunnskóla, auk fulltrúa frá foreldrasamtökum. Menntaráð skipi og í hópinn.

Hann skipi undirhópa um tiltekin verkefni á verksviði sínu til að flýta vinnu. Stefnt verði að því að við gerð starfsáætlunar menntaráðs fyrir árið 2006 komi fram áherslur úr vinnu starfshópsins.

Opinn fundur menntaráðs á þessu ári verði um þessi málefni og verði haldinn í september 2005.

Sviðsstjóra falið að gera erindisbréf fyrir hópinn fyrir næsta fund ráðsins og verði þá skipað í hann.

Samþykkt einróma.

## Erindisbréf

<p><b>Heiti vinnuhóps:</b> Starfshópur um samstarf leik- og grunnskóla</p>
<p><b>Ábyrgðarmaður:</b> Sviðsstjóri Menntasviðs</p>
<p><b>Hlutverk:</b> Meginhlutverk hópsins er að koma með tillögur um aukið samstarf leik og grunnskóla í Reykjavík. Hópurinn haldi áfram vinnu hóps sem fjallaði um gjaldfrjálsan leikskóla fimm ára barna.</p>
<p><b>Helstu verkefni:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Að koma á samráði fagfólks beggja skólastiga í hverfum borgarinnar, meðal annars í tengslum við stofnun þjónustumiðstöðva, með það að markmiði að í hverju hverfi þróist öflugt samráð skólastofnana á báðum stigum og þjónusta við notendur verði í sem bestum tengslum við aðrar borgarstofnanir.</li> <li>- Að fjalla um hvernig efla megi frá því sem nú er nám í tilteknum greinum, svo sem tungumálum, á yngri stigum grunnskólans, og nota til þess aðferðir sem fýsilegar þykja á báðum skólastigum.</li> <li>- Að fjalla um framboð á frekara námi en nú er fyrir 5 ára börn í grunnskólum ef foreldrar óska eftir því, eða flétta nánar saman námi á báðum skólastigum fyrr en nú er gert.</li> </ul> <p>Starfshópurinn skipi undirhópa um tiltekin verkefni á verksviði sínu til að flýta vinnu.</p>
<p><b>Fulltrúar í vinnuhópi:</b> Frá menntaráði: Sigrún Elsa Smáradóttir, Katrín Jakobsdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson</p> <p>Áheyrnarfulltrúi SAMFOKS: Hildur Björg Hafstein      Áheyrnarfulltrúi Samtaka foreldrafélaga leikskóla í Reykjavík: Svanhildur Eva Stefánsdóttir      Áheyrnarfulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir      Áheyrnarfulltrúi Félags leikskólakennara: Anna Bára Pétursdóttir</p>
<p><b>Formaður vinnuhóps:</b> Sigrún Elsa Smáradóttir</p>
<p><b>Starfsmenn:</b> Hildur Skarphéðinsdóttir og Guðrún Edda Bentsdóttir</p>
<p><b>Ráðgjöf / samstarf:</b> Aðilar sem hópurinn ákveður.</p>
<p><b>Starfstímabil:</b> September 2005 til mars 2006</p>
<p><b>Skil:</b> Til sviðsstjóra Menntasviðs. Stefnt verði að því að við gerð starfsáætlunar menntaráðs fyrir árið 2006 komi fram áherslur úr vinnu starfshópsins.</p>



Til skólastjóra einkarekinna grunnskóla í Reykjavík.  
Frá starfshópi um samstarf leik- og grunnskola.

Reykjavík, 3. nóvember 2005.

**Efni: Aðsókn að 5 ára deildum í Reykjavík.**

Menntaráð Reykjavíkur hefur skipað starfshóp sem hefur það meginhlutverk að koma með tillögur um aukið samstarf leik- og grunnskóla í Reykjavík. Eitt af verkefnum hópsins er að fjalla um framboð á frekara námi en nú er fyrir 5 ára börn í grunnskólum Reykjavíkur ef foreldrar óska eftir því eða flétta nánar saman nám á báðum skólastigum fyrir en nú er gert.

Starfshópurinn hefur velt fyrir sér hver þörfin sé fyrir deildir fyrir 5 ára börn í grunnskólum umfram það sem nú er í boði í einkareknum skólum í borginni. Var því ákveðið að senda skólastjórum einkarekinna grunnskóla sem hafa boðið upp á deildir fyrir 5 ára börn eftirfarandi spurningar:

1. Hver hefur aðsóknin verið að 5 ára deildum í skólanum undanfarin 10 ár? Má merkja breytingar á eftirspurn eftir námi fyrir 5 ára börn á þessu tímabili og þá hvaða breytingar ?
2. Hvaða breytingar telur þú að það hefði á starf í 5 ára deildum í þínum skóla ef fleiri grunnskólar í Reykjavík byðu upp á nám fyrir 5 ára börn í sínum skólum?

Óskað er eftir því að svör við þessum spurningum berist undirrituðum sem fyrst og eigi síðar en föstudaginn 18. nóvember nk.

Með góðum kveðjum,

Hildur Skarphéðinsdóttir,

Guðrún Edda Bentsdóttir,

---

skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu  
Menntasviðs Reykjavíkur

---

verkefnisstjóri grunnskólaskrifstofu  
Menntasviðs Reykjavíkur

# Úr leikskóla í grunnskóla - brúum bilið

Opinn fundur menntaráðs um samstarf leik- og grunnskóla í Ráðhúsi Reykjavíkur fimmtudaginn 26. janúar kl. 17-19

- ★ **Skil leik- og grunnskóla**  
Hrönn Pálmadóttir, lektor við KHÍ
- ★ **Vísindaleikir í leikskóla**  
Leikskólakennarar í Hamraborg
- ★ **Hvemig nýtast upplýsingar leikskólans?**  
Guðröður Pétursdóttir, kennari í Ölduselsskóla
- ★ **Fyrirspurnir og almennar umræður**
- ★ **Fundarsgjafi**  
Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs



Menntasvið Reykjavíkurborgar Frikirkjuveg 1 Sími 411 7000 [www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is) [menntasvid@menntasvid.is](mailto:menntasvid@menntasvid.is)



Til framkvæmdastjóra á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur  
Frá starfshópi á vegum Menntaráðs um samstarf leik- og grunnskóla.

Reykjavík 4. janúar 2006.

**Efni: Fyrirspurn um samstarf leik- og grunnskóla í þjónustuhverfum borgarinnar.**

Menntaráð Reykjavíkur skipaði í haust starfshóp til að koma með tillögur um aukið samstarf leik- og grunnskóla í Reykjavík. Hópnum var ætlað að halda áfram vinnu hóps sem fjallaði sérstaklega um námstilboð og gjaldfrjálsan leikskóla fyrir 5 ára börn.

Eitt af verkefnum starfshópsins samkvæmt erindisbréfi er að „koma á samráði fagfólks beggja skólastiga í hverfum borgarinnar, meðal annars í tengslum við stofnun þjónustumiðstöðva, með það að markmiði að í hverju hverfi þróist öflugt samráð skólastofnana á báðum stigum og þjónusta við notendur verði í sem bestum tengslum við aðrar borgarstofnanir“.

Fyrir hönd starfshópsins vil ég því beina eftirfarandi fyrirspurnum til framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvanna:

1. Hvernig hefur verið stuðlað að samstarfi leik- og grunnskólanna á vegum þinnar þjónustumiðstöðvar fram að þessu?
2. Hvaða starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar hafi aðallega komið að þessu starfi?
3. Hvernig telja starfsmenn þjónustumiðstöðvar þinnar æskilegast að stuðla að og efla samstarf milli skólastiganna í þínu þjónustuhverfi á næsta ári?
4. Hefðir þú eða fulltrúi þinn áhuga á að koma á fund starfshópsins og ræða núverandi fyrirkomulag eða hugmyndir um þróun samstarfs milli leik- og grunnskóla á þínu þjónustusvæði?

Vinsamlega sendið svörin sem fyrst til Guðrúnar Eddu Bentsdóttur, starfsmanns starfshópsins, á netfangið [gudrun.edda.bentsdottir@reykjavik.is](mailto:gudrun.edda.bentsdottir@reykjavik.is).

Með góðri kveðju,

Sigrún Elsa Smáradóttir, formaður starfshóps  
um samstarf leik- og grunnskóla.